



Starfshópur um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði

Fundargerð vegna fundar 1. júní 2011

Fundargerð starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði 1. júní 2011

Annar fundur starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði fór fram miðvikudaginn 1. júní 2011, kl. 15.00 – 18.00. Allir aðilar starfshópsins voru viðstaddir á fundinum eða:

ÞÁTTTAKANDI

Elín Björg Ragnarsdóttir
Elín Erlingsdóttir
Eydís Indriðadóttir
Guðrún Inga Bjarnadóttir
Gunnar Valur Sveinsson
Kári Kristjánsson
Ragnhildur Sigurðardóttir
Trausti Baldursson (tengiliður)
Þórður Höskuldsson

SAMTÖK

Vélknúin umferð
Umhverfissamtök
Sveitarfélög
Samút
Fulltrúi ferðapjónustunnar
VJÞ
Hestamenn
Náttúrufræðistofnun
Göngu og hjólríðamenn

Þeir þátttakendur sem ekki komust á fyrsta fund starfshópsins kynntu sig og sínar væntingar til starfs starfshópsins. Þetta voru Trausti Baldursson frá Náttúrufræðistofnun, Ragnhildur Sigurðardóttir frá Landssambandi hestamanna og Elín Björg Ragnarsdóttir, úr stjórn 4X4 (en Óskar Erlingsson var staðgengill hennar á fyrsta fundi starfshópsins).

Á fundinum tók starfshópurinn fyrir umræðu um umfang og dýpt þess verkefnis sem hópnum hefur verið falið. Markmið með umræðunni var að koma böndum yfir hvernig mætti ná fram sem mestri yfirferð á fundi dagsins (1. júní) og seinasta fundi starfshópsins fyrir sumarleyfi (8. júní). Umræðurnar voru jafnframt nýttar til að draga fram væntingar og sjónarmið allra í starfshópnum og þess baklands sem þátttakendur endurspeglar. Ákveðið var að hafa áherslu á þau mál / viðfangsefni sem ná má sem breiðastri samstöðu um. Hins vegar var ákveðið að tímaskortur skyldi ekki koma niður á nauðsynlegri dýpt umræðu og greiningar einstakra verkefna/leiða í samgöngumálum Þjóðgarðsins.

Yfirferð yfir fundargerð frá samráðsfundi 3. maí var framhaldið, en sú yfirferð hófst á fyrsta fundi starfshópsins 25. maí. Var fyrst farið yfir niðurstöður „Málefnaþópa“ og umræða tekin um þá þrjá þætti sem málefnið samanstóðu af: (a) Leiðarval með tilliti til náttúruverndar: Hvernig geta sem flestið notið náttúrunnar án þess að spilla henni? (b) Leiðarval með tilliti til öryggis vegfarenda og náttúruvár: Hvað þarf að hafa í huga? Og (c) Göngufólk og vélknúin umferð: Hvaða fyrirkomulag gæti komið til móts við þarfir beggja? Ályktanir voru dregnar af svörum þeirra sjö hópa sem tóku að sér ofangreind verkefni og verða þau nýtt í samantektinni sem rætt er um hér að neðan.

Seinni hluta fundarins var varið í yfirferð seinasta verkefnis samráðsfundarins frá 3. maí: „Rýnt í samgöngukerfið: Hvað mætti helst endurskoða?“. Tilgangur verkefnisins var að gefa þátttakendum kost á rækilegri yfirferð einstakra leiða í Þjóðgarðinum og koma með ábendingar um það sem betur má fara. Sjö hópar voru að störfum og höfðu þeir frjálssar hendur með hvaða svæði og leiðir þeir vildu taka til skoðunar. Starfshópurinn fór yfir allar hugmyndirnar og ábendingar og ræddi áhrif hverra út frá þeim gildum sem höfð eru til viðmiðunar við gerð Stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

Verkefni starfshópsins fyrir næsta fund (8. júní), er að gera heilsteypt yfirlit yfir þær ábendingar sem komu fram um einstakar leiðir. Talsverð skörun (og samhljómur) var á milli niðurstaðna hópanna sjö. Markmið á næsta fundi starfshópsins er að komast sem lengst í yfirferð þessara ábendinga og taka sameiginlegar ákvarðanir um tillögur. Jafnframt verður hluta af næsta fundi varið til umræðna um framtíðarskipulag samráðs um samgöngur innan Þjóðgarðsins.

Engar athugasemdir hafa borist starfshópnum vegna fyrsta fundar hans (stuðst er við netfangið starfshopur@vjp.is).

Virðingarfyllt,
Pröstur Olaf Sigurjónsson